

10
22. júní

KONUNGSBRÉF

um

setning Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér viljum hér með veita yður sem forsætisráðherra
Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til
fundar miðvikudaginn 15. júlí 1931.

Gjört á Christiansborg, 22. júní 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

11
6. júlí

L Ö G

um

skatt af húseignum í Neskaupstað.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Af öllum húseignum í Neskaupstað skal greiða gjald, er rennur í bæj-
arsjóð.

2. gr.

Húseignaskatt samkvæmt 1. gr. skal miða við virðingarverð húsa eftir
fasteignamatslögum, og ákveðst hann þannig:

Af öllum húseignum, úr hvaða efni sem þau eru og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða 0,5% — fimmtíu auru af hverjum hundrað krónum — virðingarverðs samkvæmt fasteignamatslögnum. Minni upphæð en 100 kr. skal sleppt. 11
6. júlí

Gjald þetta greiða húseigendur.

3. gr.

Fyrir gjald þetta annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sót-, sorp- og salernahreinsun og gerir ráðstafanir til að fyrirbyggja eldsvoða.

4. gr.

Húseignaskatturinn greiðist í skrifstofu bæjarins, og er gjalddagi 1. sept. ár hvert.

Húseignaskatturinn hvílir sem lögveð á eigninni, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, að fasteignaskatti til rikissjóðs undanskildum.

Brenni húseignin, hefir gjaldið forgangsrétt í brunabótum á sama hátt.

Sé húseignaskatturinn ekki greiddur á gjalddaga, skal reikna af honum sömu dráttarvexti og útsvörum.

Dráttarvextir hafa lögtaksrétt á sama hátt og gjöldin sjálf.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eigi allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 6. júlí 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

S. Kristinsson.